



# HRUNAMANNAHREPPUR

**30. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR**  
**KJÖRTÍMABILÍÐ 2014 – 2018 11. FUNDUR ÁRSINS**  
**VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 3. NÓVEMBER 2016**  
**KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM**

Árið 2016, þann 3. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

## **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.
2. Drög að fjárhagsáætlun 2017-2020. (Fyrri umræða)
3. Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2017.
4. Álagningarhlutfall fasteignaskatta 2017.
5. Tillaga að gjaldskrá fyrir félagsheimilið 2017.
6. Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2017.
7. Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2017.
8. Gjaldskrá vatnsveitu 2017.
9. Gjaldskrá fráveitu 2017.
10. Gjaldskrá mótuneytis 2017.
11. Gjaldskrá Leikskólans Undralands 2017.
12. Tillaga um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi 2017.
13. Gjaldskrá fyrir íþróttahús og sundlaug.
14. Þroskahjálp: Ósk um styrk.
15. Stígamót: Ósk um styrk.
16. Unnarholtskot 3: Umsókn um rekstrarleyfi.
17. Vegaúttekt á Suðurlandi.
18. Reykjavíkurakademía: Málþing.
19. Snorraverkefnið: Ósk um styrk.
20. Refaveiði.
21. Drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarminjum. Áætlun 2017.
22. Friðlýsing Kerlingarfjalla.

## **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

23. Ungmennaráð Hrunamannahrepps. Fundargerð ráðsins frá 3. október s.l.
24. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 11. fundar nefndarinnar frá 9 október s.l.
25. Umhverfisnefnd: Fundargerð 6. fundar nefndarinnar frá 23. október s.l.
26. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 13. fundar nefndarinnar frá 29. ágúst s.l.
27. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 14. fundar nefndarinnar frá 26. október s.l. -liggur frammi á fundinum-
28. Skólanefnd: Fundargerð 12. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 27. október s.l.
29. Skólanefnd: Fundargerð 13. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 27. október s.l.
30. Skólanefnd: Fundargerð 4. fundar nefndarinnar vegna æskulýðsmála frá 27. október s.l.
31. Veitustjórn: Fundargerð 15. fundar nefndarinnar frá 31. október s.l. -liggur frammi á fundinum-

## **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

32. Fundargerð 119. fundar Skipulagsnefndar frá 13. október s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 5. október s.l.  
Mál nr. 14: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

33. Fundargerð 120. fundar Skipulagsnefndar frá 27. október s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 19. október s.l.  
Mál nr. 12: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
34. NOS: Fundargerð stjórnarfundar frá 11. október s.l.
35. Ferðamálaráð uppsveitanna: Fundargerð 3. fundar stjórnar frá 16. september s.l.
36. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings: Fundargerð aðalfundar frá 18. október s.l.
37. Stjórn Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs: Fundargerð 39. fundar stjórnar stjórnar frá 27. október s.l.

#### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. SASS: Fundargerð 512. fundar stjórnar frá 30. september s.l.
- b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 175. fundar stjórnar frá 30. september s.l.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 249. fundar stjórnar frá 19. október s.l.

#### **Kynningarmál:**

- d. Ráðstefna ungmennaráða á Suðurlandi.
- e. Hrunalaug.
- f. Innanríkisráðuneytið: Form og efni viðauka við fjárhagsáætlanir.
- g. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð aðalfundar frá 21. september s.l.
- h. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 26. fundar stjórnar frá 4. október s.l.
- i. Bergrisinn bs: Ársreikningur 2015
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Reglur sveitarfélaga um húsnæðismál og staðan í vinnu við leiðbeiningar velferðarráðuneytisins.
- k. Brú lífeyrisstjóður: Hækkun mótframlags launagreiðenda.

#### **Skýrslur á skrifstofu:**

- l. Landslagsskipulagsstefna 2015-2026.

### **Gengið til dagskrár:**

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. **Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.**  
Lögð fram lagfærð tillaga að Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 þar sem komið er til móts við athugasemdir og ábendingar Skipulagsstofnunar sem fram komu í bréfi dags. 17. október s.l.  
Á fundinn mættu þeir Ásgeir Jónsson, skipulagsráðgjafi og Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi og fóru yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið.  
Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að senda tillöguna til athugunar Skipulagsstofnunar að nýju og til auglýsingar í framhaldi af því.
2. **Drög að fjárhagsáætlun 2017-2020. (Fyrri umræða)**  
Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun 2017-2020 og minnisblað um forsendur áætlunarinnar. Sveitarstjóri fór yfir helstu kennitölur og forsendur fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið 2017. **Helstu forsendur eru:** Reiknað er með að tekjur af útsvari hækki um 25 milljónir frá áætlun 2016. Gert er ráð fyrir að framlög úr **jöfnunarsjóði** lækki um 1 milljón frá áætlun 2016. **Fasteignaskattur** er byggður á bráðabirgðaáætlun fyrir árið 2017. Fyrir liggur að almennt hækkar fasteignaskattur um 4,7%. **Álagningarhlutföll** ársins 2017 vegna fasteignagjalda verða óbreytt frá árinu 2016. Lóðaleiga verði áfram 0,5% af fasteignamati. **Gjaldskrár** hækki almennt um 3,9% í samræmi við verðlagshorfur. **Rekstur einstakra málaflokka var yfirfarinn** með hliðsjón af áætlun síðasta árs og gerðar breytingar eftir því sem ástæða var talin til. Haft var samráð við forstöðumenn deilda. **Þjónustutekjur** sem lagðar eru á með fasteignagjöldum eru áætlaðar með hliðsjón af fyrirliggjandi tillögum. **Önnur atriði:** Gert er ráð fyrir afborgunum lána í samræmi við skilmála þeirra. **Eignasjóður – rekstur:** Til tekna færast leigutekjur frá aðalsjóði en til gjalda færast bein rekstrargjöld s.s. viðhald, fasteignagjöld og tryggingar. **Eignasjóður fjármunatekjur og fjármunagjöld:** Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtagjöld af langtímaskuldum við aðalsjóð og vegna annarra langtímalána. **Fjárfestingar og lántökur:** Gert er ráð fyrir nettó fjárfestingum að fjárhæð kr. 50 millj. aðallega vegna íþróttasvæðis, gatnakerfis, ljósleiðara fráveitu, vatnsveitu og hitaveitu. Gert er ráð fyrir lántöku að fjárhæð kr. 29 millj.

vegna þessara fjárfestinga og uppgreiðslu láns að fjárhæð kr. 17 millj. **Helstu niðurstöður:** Samkvæmt niðurstöðum rekstrarreiknings er tekjuafgangur á samstæðunni (A og B) að fjárhæð kr. 28,9 millj.

Eftir umræður og fyrirspurnir samþykkti sveitarstjórn að vísa áætluninni til seinni umræðu með breytingum sem ræddar voru á fundinum og þau atriði sem þarf að skoða sérstaklega á milli umræðna.

3. **Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2017.**

Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarprósentu útsvars árið 2017. Lagt er til að álagning verði 14,52 % sem er sú sama og var á síðasta ári.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

4. **Álagningarhlutfall fasteignaskatta 2017.**

Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarhlutfall fasteignaskatta fyrir árið 2016. Lagt er til að álagningarhlutfall verði óbreytt frá fyrra ári eða í A-flokki 0,59%, B-flokki 1,32% og í C-flokki 1,32%.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna

5. **Tillaga að gjaldskrá fyrir félagsheimilið 2017.**

Oddviti lagði fram tillögu að 3,9% hækkun á gjaldskrá fyrir Félagsheimilið. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna. Ný gjaldskrá tekur gildi 1. janúar 2017.

6. **Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2017.**

Oddviti lagði fram tillögu að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna fyrir árið 2017. Sveitarstjórn samþykkir að fresta málinu til næsta fundar.

7. **Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2017.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2017. Gert er ráð fyrir að jafnaði 7-10% hækkun frá síðasta ári sem er tilkomið vegna mikillar aukningar á magni sorps og kostnaði við meðhöndlun og eyðingu. Sorphirðugjald íbúðarhúsa verði óbreytt kr. 15.000 vegna grátunnu en vegna blátunnu verði það 6.200. Sorpeyðingargjald íbúðarhúsa verði kr. 19.900, vegna frístundahúsa kr. 17.700 og atvinnuhúsnæðis kr. 45.650. Sérstakt aukasorpjald þar sem flokkað er eftir magni í 9 flokkum hækkar einnig um 10%. Leiga á gámum og blátunnukörum verði óbreytt. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá Umhverfisnefnd og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

8. **Gjaldskrá vatnsveitu 2017.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir vatnsveitu. Gjaldskrá vatnsveitu vegna íbúðarhúsnæðis verður óbreytt 0,25% af fasteignarmati en lágmarksgjald hækkar í kr. 34.300 eða um 3,9%. Hámarksgjald á íbúðarhús verður óbreytt kr. 55.000. Fast vatnsgjald í frístundahús hækkar um 3,9% og verður kr. 34.300. Vatnsgjald í atvinnuhúsnæði verður óbreytt 0,15% af fasteignarmati og lágmarksgjald óbreytt eða kr. 65.000. Heimæðagjöld hækka ekki. Aðrar hækkanir nema 3,9%. Tekin er upp gjaldskrá fyrir byggingarvatn.

Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá Veitustjórn og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

9. **Gjaldskrá fráveitu 2017.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir fráveitu. Gjaldskrá vegna fráveitu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýlinu á Flúðum verður óbreytt eða 0,25% af fasteignarmati og hámarksgjald íbúðarhúsnæðis verður óbreytt kr. 52.000. Hámarksgjald á atvinnuhúsnæði verður hækkað um 3,9% í kr. 208.000. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa utan þéttbýlisins á Flúðum verður kr. 8.350 og hækkar um 7%. Tekið er upp sérstakt gjald fyrir tæmingu rotþróa fyrir fyrirtæki og atvinnurekstur. Heimæðagjöld í þéttbýlinu á Flúðum hækka ekki. Aðrar hækkanir nema 3,9%.

Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá Veitustjórn og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

10. **Gjaldskrá mótuneytis 2017.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir mótuneyti Flúðaskóla, Undralands og skólaladagheimilis. Gert er ráð fyrir að verð á hressingu í Flúðaskóla hækki úr kr. 72 í kr. 75 og skólamáltíð hækki úr kr. 335 í kr. 350 fyrir börn og starfsfólk sveitarfélagsins. Í leikskólanum Undralandi hækki gjald fyrir hádegisverð úr kr. 320 í kr. 330, morgunhressing hækki úr kr. 69 í kr. 72 og síðdegishressingu úr kr. 105 í kr. 109. Þá er lagt til að tímagjald vistunar í skólaseli hækki úr kr. 305 í kr. 317, gjald fyrir máltíð úr kr. 110 í kr. 114. Máltíð vegna Heimalands og

annarra hækki úr kr. 551 í kr. 575. Lagt er til að allar þessar breytingar taki gildi þann 1.janúar nk.

Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá skólanefnd og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

**11. Gjaldskrá Leikskólans Undralands 2017.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá leikskólans Undralands frá og með næstu áramótum. Lagt er til að gjaldskrá vistunargjalda hækki ekki. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá skólanefnd og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

**12. Tillaga um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi 2017.**

Oddviti lagði fram og kynnti tillögu að reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega þar sem tekjuviðmið hækka um 3,9%. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

**13. Gjaldskrá fyrir íþróttahús og sundlaug.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús. Þar er gert ráð fyrir að stök gjöld hækki um 8% og kort fyrir fullorðna og börn hækki um 3,9%. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna sem tekur gildi 1. janúar 2017. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að barnagjald í sundlaug og íþróttahús verði greitt fram að 18 ára aldri og að breyta opnunartíma sundlaugarinnar á Flúðum um sumarið þannig að hún verði opin til 20:30 í stað 21:00.

**14. Þroskahjálp: Ósk um styrk.**

Oddviti kynnti bréf frá Þroskahjálpar þar sem þau biðja um styrk vegna reksturs fasteignarinnar að Akurgerði 10 á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja starfsemi Þroskahjálpar sem nemur 50% af almennum fasteignaskatti af fasteigninni Akurgerði 10 fyrir árið 2016.

**15. Stígamót: Ósk um styrk.**

Oddviti kynnti bréf frá Stígamótum þar sem þau biðja um styrk fyrir reksturinn árið 2017. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 50.000.

**16. Unnarholtskot 3: Umsókn um rekstrarleyfi.**

Oddviti kynnti endurnýjaða beiðni eiganda Unnarholtskots 3 vegna umsóknar um rekstrarleyfi nýs gististaðar í flokki II að Unnarholtskoti 3. Sveitarstjórn samþykkir í samræmi við umsóknina að heimila rekstrarleyfi fyrir gististað að Unnarholtskoti 3 en eingöngu til eins árs, enda er það stefna sveitarfélagsins að forsvarsaðilar hafi lögheimili á viðkomandi stað. Árs frestur miðist við dagsetningu útgefins rekstrarleyfis.

**17. Vegaúttekt á Suðurlandi.**

Oddviti kynnti úttekt á vegum á Suðurlandi sem unnin var af hálfu Ólafs Guðmundssonar fyrir sveitarfélögin í Uppsveitum, Flóa og Ásahreppi. Sveitarstjórn þakkar fyrir góða skýrslu sem undirstrikar þörf fyrir verulega umbætur á vegakerfi Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að fylgja málinu eftir hjá Vegagerðinni og fjárveitingarnefnd Alþingis.

**18. Reykjavíkúráðgjafi: Málþing.**

Oddviti kynnti beiðni Reykjavíkúráðgjafarinnar um styrk vegna málþings um fjölmíðlun í almannaþágu. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

**19. Snorraverkefnið: Ósk um styrk.**

Oddviti kynnti styrkbeiðni vegna Snorraverkefnis. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

**20. Refaveiði.**

Oddviti kynnti upplýsingar um refaveiði vegna ársins 2016. Sveitarstjórn þakkar fyrir góða skýrslu.

**21. Drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarminjum. Áætlun 2017.**

Oddviti kynnti drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarminja fyrir árið 2017. Í Hrunamannahreppi falla Kerlingarfjöll og Hrunalaug undir þessa áætlun. Sveitarstjórn fagnar því að framangreind verkefni hafi náð inn í áætlunina. Hins vegar verði að fylgja verkefninu fjármagn frá ríkissjóði.

**22. Friðlýsing Kerlingarfjalla.**

Oddviti fór yfir stöðu málsins. Sveitarstjórn samþykkir að samhliða því að endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032 taki gildi muni sveitarstjórn samþykkja fyrirbyggjandi skilmála friðlýsingar í Kerlingarfjöllum.

### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

- 23. Ungmennaráð Hrunamannahrepps. Fundargerð ráðsins frá 3. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar Ungmennaráðs Hrunamannahrepps. Þar voru ýmis mál rædd, m.a. fjallað um geðræna aðstoð og forvörn, lesblindu, Strætó og samgöngur, stjórnskipulag Ungmennaráðs, að halda sveitaball og fleira. Sveitarstjórn telur eðlilegra að halda stjórnskipulagi Ungmennaráðs óbreyttu meðan reynsla kemst á starfseminu en bendir á að Ungmennaráð hafi fulla heimild til að boða á fundi sína bæði varamenn ráðsins og aðra þá sem þeir kjósa. Þá mun sveitarfélagið gera sitt til að Ungmennaráð geti haldið sveitaball í Félagsheimilinu á Flúðum. Þá mun sveitarstjórn koma athugasemdum varðandi Strætó á framfæri. Sveitarstjórn samþykkir að öðru leyti fundargerðina.
- 24. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 11. fundar nefndarinnar frá 9 október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar ferða og menningarnefndar. Þar var fjallað um gönguferðir sumarsins, hátíðir sumarsins, nýju skiltin í Lækjargarðinum og vetrardagskrá. Þá var farið yfir tillögu að fjárhagsáætlun þeirra málaflokka sem nefndin fjallar um fyrir árið 2017. Stefnt er að því að dagskrá Verslunarmannahelgarinnar verði með svipuðu sniði á næsta ári og Uppskeruhátíðin verði 2. sept. n.k. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
- 25. Umhverfisnefnd: Fundargerð 6. fundar nefndarinnar frá 23. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar umhverfisnefndar. Þar var fjallað um fjárhagsáætlun fyrir árið 2017, gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs 2017 og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
- 26. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 13. fundar nefndarinnar frá 29. ágúst s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 13. fundar landbúnaðarnefndar. Þar var fjallað um fjallskilamál og réttir. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
- 27. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 14. fundar nefndarinnar frá 26. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar landbúnaðarnefndar. Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir málaflokkinn 2017 og álagning fjallskila fyrir árið 2016 rædd. Rætt var um framkvæmdir í Hrunaréttum og leigu á fjallskálum. Lagt var til að álagning fjallskila fyrir árið 2016 verði með þeim hætti að eigendur lögbýla greiði áfram 1,3% af landverði en gjald fyrir vetrarfóðraða kind hækki úr kr. 80 í kr. 83. Sveitarstjórn samþykkir tillögu að álagningu fjallskila fyrir árið 2016 og fundargerðina að öðru leyti.
- 28. Skólanefnd: Fundargerð 12. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 27. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar frá 27. október s.l. Farið var yfir starfsáætlun 2016-2017 og tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 en hún var samþykkt með lítisháttar breytingu. Þá var farið yfir tillögu að gjaldskrá fyrir mötuneyti og skólavistun og hún samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
- 29. Skólanefnd: Fundargerð 13. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 27. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 13. fundar frá 27. október s.l. Ingibjörg kynnti skýrslu leikskólustjóra en þar kom m.a. fram að barnafjöldi sé nú 37 og fer fjölgandi. Farið var yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. Fjallað var um gjaldskrá leikskólans og mötuneytis þar sem lagt er til að vistunargjöld verði óbreytt milli ára en 3,9% hækkun á gjaldskrá fæðis. Þá voru þrjár beiðnir um undanþágu vegna barna yngri en 18 mánaða samþykktar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
- 30. Skólanefnd: Fundargerð 4. fundar nefndarinnar vegna æskulýðsmála frá 27. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar skólanefndar vegna æskulýðsmála. Farið var yfir skýrslu forstöðumanns, farið yfir skýrslur síðasta árs og fjárhagsáætlun og starfsáætlun 2017. Þá voru skipaðir þrjú fulltrúar og þrjú til vara í Ungmennaráð Hrunamannahrepps. Aðalmenn voru skipað þau Rúnar Guðjónsson, Jón Hermann Vignisson og Hrafnhildur Sædís Benediktsdóttir og til vara þau Sigríður Helga

Steingrímsdóttir, Elís Arnar Jónsson og Anna Marý Karlsdóttir. Þá var lögð fram handbók fyrir félagsmiðstöðina. Sveitarstjórn þakkar fyrir góðar skýrslur og handbókina og samþykkir fundargerðina.

**31. Veitustjórn: Fundargerð 15. fundar nefndarinnar frá 31. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 15. fundar frá 31. október s.l. Lagt var fram stöðuyfirlit vatnsveitu og fráveitu og tillögu að fjárhagsáætlun 2017, tillaga gerð að gjaldskrá vatns- og fráveitu Hrunamannahrepps 2017, farið yfir fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða 2017 og tillaga að gjaldskrá fyrir hana. Farið var yfir drög að samningi milli Lagoon Hotel ehf, Hrunamannahrepps og Hitaveitu Flúða um heitt og kalt vatn og fráveitu vegna hótels á Byggð á Bríkum. Þá var samþykktur styrkur til körfuknattleiksdeildar UMFH vegna auglýsingar á keppnisbúninga deildarinnar og farið yfir önnur mál.

Gert er ráð fyrir að gjaldskrá hitaveitunnar hækki almennt um 3,9% en heimæðagjöld hækki ekki.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og þær gjaldskrár og gjaldskrárbreytingar sem lagðar voru til. Þá samþykkir sveitarstjórn fyrirbyggjandi samning milli Lagoon Hotel ehf, Hrunamannahrepps og Hitaveitu Flúða og felur sveitar- og veitustjóra að undirrita hann.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:**

**32. Fundargerð 119. fundar Skipulagsnefndar frá 13. október s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 5. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 119. fundar skipulagsnefndar frá 13. október s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varða Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 14: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. október.

**33. Fundargerð 120. fundar Skipulagsnefndar frá 27. október s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 19. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 119. fundar skipulagsnefndar frá 27. október s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varða Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 12: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. október.

**34. NOS: Fundargerð stjórnarfundar frá 11. október s.l.**

Oddviti lagði fram fundargerð stjórnar frá 11. október s.l. Þar var farið yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings bs. fyrir árið 2017 og önnur mál. Sveitarstjórn stafestir fundargerðina.

**35. Ferðamálaráð uppsveitanna: Fundargerð 4. fundar stjórnar frá 16. september s.l.**

Oddviti lagði fram fundargerð 4. stjórnarfundar. Þar var farið yfir ferðarþjónustuna í Uppsveitum, fjallað um landsáætlun um innviði og Framkvæmdasjóð ferðamála. Þá var farið yfir samstarf á Suðurlandi í ferðarþjónustu og málþing í Uppsveitum um ferðamál. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**36. Skóla- og velferðarþjónusta Árnespings: Fundargerð aðalfundar frá 18. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings bs. frá 18. október s.l. Þar var fjallað um skýrslu stjórnar, ársreikning 2015, fjárhagsáætlun 2017 og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunina fyrir árið 2017 og staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

**37. Stjórn Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs: Fundargerð 39. fundar stjórnar stjórnar frá 27. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 39. fundar stjórnar Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs. Þar var fjallað áætlaðan rekstrarkostnað embættisins og skiptingu fyrir 2016. Þá var farið yfir vinnu við fjárhagsáætlun 2017. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**a. SASS: Fundargerð 512. fundar stjórnar frá 30. september s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 175. fundar stjórnar frá 30. september s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 249. fundar stjórnar frá 19. október s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

**d. Ráðstefna ungmennaráða á Suðurlandi.**

Lagt fram til kynningar.

**e. Hrunalaug.**

Lagt fram til kynningar.

**f. Innanríkisráðuneytið: Form og efni viðauka við fjárhagsáætlanir.**

Lagt fram til kynningar.

**g. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð aðalfundar frá 21. september s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**h. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 26.fundar stjórnar frá 4. október s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**i. Bergrisinn bs: Ársreikningur 2015**

Lagt fram til kynningar.

**j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Reglur sveitarfélaga um húsnæðismál og staðan í vinnu við leiðbeiningar velferðarráðuneytisins.**

Lagt fram til kynningar.

**k. Brú lífeyrisstjóður: Hækkun mótframlags launagreiðenda.**

Lagt fram til kynningar.

**Skýrslur á skrifstofu:**

**l. Landslagsskipulagsstefna 2015-2026.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19.23.